

Ed.

418. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema sildartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað staflidanna a., b. og c. komi:

- a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
- b. Af kolum 3 kr. af hverri smálest.
- c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsiðustu málsgr. 1. gr.: »sildartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.